

Ed.

585. Breytingartillögur

við frv. til áfengisлага.

Frá Jóhannesi Jóhannessyni og Jóni Þorlákssyni.

1. Við 24. gr. Aftan við aðra málsgrein bætist: nema leyfi lögreglustjóra komi til.
2. Við 38. gr. Á eftir orðunum í þriðju málsgrein »afgreiðslumaður hans« komi: sem ekki hefir lyfsalapróf.
3. Við 44. gr. Fyrir »skala« komi: má.
4. Við 45. gr. Aftan við 1. málsg. bætist: Svo skal og haldast óbreytt að því er þessi vin snertir það ákvæði, að skip má hafa hæfilegan skipsforða af áfengi óinnsiglaðan, en aldrei má gefa eða selja af þeim forða öðrum en skipverjum, sbr. 3. gr. nefndra laga og tilvísun hennar til ákvæða nm þetta í þágildandi bannlögum.